



## Umhverfisnefndarfundur 26. febrúar 2018

Mættir: Sirrý, Haukur, Oliwia, Tina, Reimar Atli, Gunnlaugur, Kristófer Hrafn, Irma Ósk, Ragna Margrét, Agnes Día, Guðrún Renata, Hjörvar Ingi og Þröstur Óli (MVA og HKB í fríi, Sára í afleysingum og Ella og Alla voru veikar).

- Fundur var settur
- Fundarefni síðasta fundar var rifjað upp.
- Rifjuðum upp tilgang umhverfisnefndar og hvert okkar hlutverk er.
- Fórum yfir markmiðin sem við erum þessa dagana að vinna að:
  - Lífbreytileiki: Fuglamarkmið: Allir sammála um að okkur gangi vel að fódra fuglana. Allskonar fuglar koma og borða af krummastandinum, meira að segja tveir svartþrestir. Erum dugleg að setja matarafganga í krummastandinum. Erum dugleg að fræðast um fugla.
    - Skoðuðum teikningu að fuglahúsi sem við ætlum að byggja. Sirrý og Haukur ætla að finna efnivið. Tina sagði að það væru til mörg fuglahús í Lettlandi.
    - Afhverju fuglahús? Rætt um ránfugla og ýmislegt annað.
    - Kom hugmynd um að búa til fuglabað.
  - Átthagar: Rætt um nærumhverfi leikskólans. Veðrið fer vonandi að verða betra svo við getum farið að fara í langa göngutúra og skoða nærumhverfið.
  - Hnattrænt jafnrétti: Höfum verið dugleg í að fræðast um heiminn og vitum nú hvar öll löndin eru, sem börn og starfsfólk tengjast. Erum að skoða Lettland með aðstoð Tinu þessa vikuna. Ætlum líka að fá foreldra Tinu til þess að aðstoða okkur. Í næstu viku skoðum við Pólland. Ætlum líka að skoða tvo þætti hjá Árnýju og Daða og skrifast á við þau.
  -
- Næsti fundur verður föstudaginn 28. mars 2018 og þá ætlum við að skoða nýju flokkunarleiðbeiningarnar sem sveitarfélagið setti á heimasíðu sína.
- Fundi slitið